

# Árskýrsla alþjóðafulltrúa 2010-2011

Þetta bar helst til tíðinda veturinn 2010-2011. Nokkrar heimsóknir voru til okkar og Þór Stefánsson var í undirbúningsferli fyrir Comeniusarverkefni, einnig Helgi Hermannsson.

Asker Upper videregående skole

Föstudaginn 10. desember heimsóttu 11 kennarar frá Asker Upper videregændeskole Fjölbrautaskóla Suðurlands, það er framhaldsskóli er leggur miklar áherslur á íþróttir. Lárus Bragason alþjóðafulltrúi og Þórarinn Ingólfsson aðstoðarskólameistari tóku á móti hópnunum í stofu 212. Þeir fóru rækilega yfir starfsemi skólans, Norðmennirnir sýndu mikinn áhuga og spurðu margs. Einar Guðmundsson aðstoðarskólalastjóri Vallaskóla kom kl. 9.30 og fór almennt yfir handboltaþjálfun á Íslandi en árangur íslenska handboltalandsliðsins vekur alheimsathygli. Að loknum fyrirlestri Einars kynntu Norðmennirnir sinn skóla. Eftir þetta hélt hópurinn út í lðu hvar fylgst var með handboltaæfingum.

Heimsókn Ukaliusaq skólans

Miðvikudaginn 6. apríl tók alþjóðafulltrúi Lárus Bragason á móti 50 nemendum og 6 kennurum Ukaliusaq skólans í Nuuk í Grænlandi. Alþjóðafulltrúi kynnti skólann skipulag hans og hlutverk í stofu 207. Grænlensku krakkarnir voru áhugasöm og spurðu margs. Að lokinni kynningu var farin stutt skoðunarferð um aðalbygginguna í fylgd alþjóðafulltrúa. Gestirnir dáðust mjög að umgengni í skólanum. Það gladdi okkur.

Ýmislegt fleira bar til tíðinda veturinn 2010-11. Ægir Sigurðsson og Anna Friða Bjarnadóttir fóru til Möltu á ráðstefnu um nám í fangelsum. Þessi ferð var afar vel heppnuð og urðu Ægir og Anna margs vísari. Þór Stefánsson og félagar tóku þátt í undirbúningsverkefni Comeniusar varðandi úlfa. Helgi Hermannsson var einnig á fullu í svokölluðu Petsamoverkefni. Þessi verkefni munu halda áfram á næstu önn og verður sagt betur frá þeim á næsta ári.

Lárus Bragason  
alþjóðafulltrúi FSu

